



Fundargerð

184 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 15. október kl.17:00 á Hótel Búðum.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Júníana Óttarsdóttir. Einar Brandsson og Sigurbjörg Ottesen boðuðu forföll, en varamenn þeirra höfðu ekki tók á að mæta. Einnig sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.17:00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 183 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 183 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Haustþing SSV 2024

Framlögð dagskrá haustþings SSV sem fer fram í Klifi í Ólafsvík miðvikudaginn 16. október n.k. Stjórn staðfesti dagskrá þingsins.

3. Starfsáætlun SSV

Framlögð drög að starfsáætlun SSV fyrir árið 2025. Framkvæmdastjóri kynnti áætlunina. Stjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina og vísaði henni til afgreiðslu haustþings.

4. Fjárhagsáætlun SSV

Framlögð drög að fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2025. Framkvæmdastjóri kynnti áætlunina. Stjórn gerði ekki athugasemdir við áætlunina og vísaði henni til afgreiðslu haustþings.

5. Tillögur að ályktunum sem verða lagðar fram á Haustþingi 2024

Kynning á störfum vinnuhópa við ályktanir og áætlanir sem verða til umræðu á Haustþingi SSV 2024. Fimm hópar eru að vinna með ályktanir, en einn hópur hefur unnið með fjárhags- og starfsáætlun SSV. Haldnir hafa verið fundir á Teams þar sem vinnuhóparnir hafa unnið með tillögurnar. Hóparnir munu síðan kom saman á haustþinginu og ljúka sinni vinnu áður en þær verða bornar undir þingið.

6. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands

SSV fékk á þessu ári fjárveitingu frá Umhverfis, orku og loftlagsráðuneytinu að upphæð 12.500.000.-. Fjárveitingin er viðauki við Sóknaráætlun Vesturlands og ber að nýta við vinnu að verkefnum sem tengjast orkumálum, hringrásarhagkerfi eða loftlagsmálum. Tillaga er um að fjárveitingin verði nýtt til þess að fara í verkefni með sveitarfélögum á köldum svæðum á Vesturlandi. Stjórn samþykkt tillöguna og fól framkvæmdastjóra að hefja vinnu við verkefnið.

7. Staða skjalastjórnunar hjá SSV

Lagt fram minnisblað um stöðu skjalastjórnunar hjá SSV. Í kjölfar umræðu var framkvæmdastjóra falið að skoða tilhögun skjalastjórnunar hjá öðrum landshlutasamtökum, helstu breytingar sem eru að verða á lagaumhverfi skjala- og upplýsingamála og kostnaði við breytingar á skjalakerfi.

8. Sóknaráætlun Vesturlands

Framlögð drög að samning um Sóknaráætlun Vesturlands. Stjórn gerði ekki athugasemdir við drögin og samþykkti að fela formanni að undirrita samninginn. Þá var rætt um stöðu vinnu við nýja Sóknaráætlun Vesturlands, en hún verður til kynningar á haustþingi SSV.

Fundi slitið kl.18:30